

Stjórnarháttayfirlýsing 2025

Stjórn og stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa ávallt góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari eru uppfylltar þær kröfur sem koma fram í 51. gr. reglna nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða. Við mótun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins (6. útgáfa). Sjóðurinn vísar þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á www.leidbeiningar.is.

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Almenni lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir „lög um lífeyrissjóði“) og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Sjóðurinn er öllum opin en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum sem hæstan lífeyri við starfslok, veita sjóðfélögum tryggingarvernd vegna tekjumissis í kjölfar örorku og stuðla að auknu fjárhagslegu öryggi aðstandenda við andlát. Sjóðurinn tileinkar sér ábyrga starfshætti og stefnir að því að vera í fararbroddi í upplýsingagjöf, þjónustu og nýjungum í lífeyrismálum.

Almenni lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir. Stjórn sjóðsins hefur sett sérstaka fjárfestingarstefnu sem hefur það markmið að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem fylgir fjárfestingum, þá hefur sjóðurinn sett sér sérstaka stefnu um ábyrgar fjárfestingar.

Lög, reglugerðir, reglur og leiðbeiningar sem sérstaklega varða stjórnarhætti

Í neðangreindum lista er að finna yfirlit yfir lög, stjórnvaldsreglur, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur sem sérstaklega varða stjórnarhætti. Listinn er hér fyrst og fremst settur fram til upplýsinga og er því ekki um tæmandi talningu að ræða. Rétt er að geta þess að nánara yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur er m.a. að finna á heimasíðu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „FME“), www.fme.is, og upplýsingar um innri reglur og stefnur sjóðsins er að finna á heimasíðu hans, www.almenni.is.

Lög:

- Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Reglugerðir:

- Reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 590/2017, um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd.

Reglur og leiðbeiningar FME:

- Reglur FME nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða.
- Reglur FME nr. 180/2013, um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða.
- Reglur FME nr. 577/2012, um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010, um mat á hæfi lykilstarfsmanna.

Innri reglur Almenna lífeyrissjóðsins

- Samþykktir.
- Starfsreglur stjórnar.
- Siðareglur stjórnar.
- Viðskipti sjóðsins, starfsmanna og stjórnar.
- Fjárfestingarstefna.
- Stefna um ábyrgar fjárfestingar.
- Áhættustefna.
- Eftirlitskerfi með áhættu.
- Eigendastefna.
- Starfsreglur framkvæmdastjóra.
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna.
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar.
- Starfskjarastefna.
- Persónuverndarstefna.
- Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd stjórnarkjörs.
- Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.
- Útvistunarstefna.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar og siðferðisviðmið

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins hefur samþykkt stefnu um ábyrgar fjárfestingar og með hvaða hætti hann fylgir henni eftir. Sjóðurinn telur mikilvægt að félög sem hann á eignarhlut í móti sér stefnu um umhverfismál og samfélagslega ábyrgð. Sjóðurinn fylgir eftir stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar með því að tilgreina sérstaklega á minnisblöðum, við mat á fjárfestingarkostum, hvort og hvaða stefnu útgefandi verðbréfa hefur um umhverfismál, samfélagslega ábyrgð og stjórnarhætti. Það á einnig við um fjárfestingu í innlendum og erlendum sjóðum en þá er kannað hvort rekstraraðili hafi mótað stefnu um ábyrgar fjárfestingar og taki tillit til hennar við val á fjárfestingum.

Starfsmenn hafa í sameiningu skilgreint neðangreind gildi til að hafa sem leiðarljós í störfum fyrir lífeyrissjóðinn og sjóðfélaga hans.

Heilindi

Við virðum það sem okkur er treyst fyrir.

Við virðum hvert annað.

Við gætum jafnræðis.

Við leitumst við að koma hreint fram, erum opin og einlæg í samskiptum.

Framsækni

Við keppum stöðugt að framförum.

Við erum opin fyrir breytingum og leitum lausna sem bæta hag sjóðfélaga.

Við ætlum að vera áfram í fararbroddi í lífeyrismálum.

Fagmennska

Við vöndum okkur við öll störf og vinnum faglega.

Við vinnum sem ein heild að okkar markmiðum – samvinna styrkir heildina.

Við veitum góða upplýsingagjöf.

Almennir hefur gott orðspor – okkur þykir vænt um það.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt starfsreglur stjórnar og sett sér siðareglur. Starfsmenn sjóðsins hafa einnig samþykkt siðareglur. Þá hefur sjóðurinn sett stefnu um ráðstafanir sem vinna eiga gegn hagsmunaárekstrum í starfsemi sjóðsins. Markmið reglnanna er að þeir sem starfa fyrir sjóðinn sýni gott fordæmi í störfum sínum og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Reglunum er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í þeim er meðal annars fjallað um góða starfshætti, hagsmunaárekstra, fríðindi og meðferð trúnaðarupplýsinga.

Eigendastefna

Stjórn hefur samþykkt eigendastefnu sem er stefnulýsing um það hvernig lífeyrissjóðurinn beitir sér sem hluthafi í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í þ.e. 5% eða hærri eignarhlut í einstöku félagi eða þar sem lífeyrissjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags.

Nýti sjóðurinn atkvæðarétt sinn á hluthafafundum í félögum þar sem hann á minni hagsmuna að gæta hefur hann stefnuna að leiðarljósi.

Í eigendastefnunni er meðal annars fjallað um samskipti við fyrirtæki, stjórnarhætti, hluthafafundi, stjórnarkjör, starfskjör og hvatakerfi. Í stefnunni er kveðið á um sérstaka valnefnd sem velur hvernig sjóður ráðstafar atkvæðum sínum í stjórnarkjöri. Í valnefnd sitja tveir aðilar tilnefndir af stjórn og framkvæmdastjóri eða fjárfestingarstjóri.

Starfskjarastefna

Markmið starfskjarastefnu er að stuðla að árangursríkum rekstri sjóðsins til langs tíma og úrvals þjónustu við sjóðfélaga. Stefnt er að því að búa til starfsumhverfi sem er hvetjandi til þess að sjóðfélagar gefi kost á sér til stjórnarstarfa og að sjóðurinn hafi yfir að ráða hæfu og vel þjálfuðu starfsfólki. Sjóðurinn vill bjóða stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum sjóðsins samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi þannig að starfskjör séu hvetjandi og styðji við rekstrar- og þjónustumarkmið sjóðsins. Í stefnunni er lögð áhersla á endurmenntun, samkeppnishæf starfskjör, góðan aðgang að stjórnendum, tiltekinn vinnutíma, jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, sveigjanleg starfslok vegna aldurs, ákveðna starfslýsingu og ábendingarkerfi fyrir starfsmenn sjóðsins.



Stjórnskipulag Almenna lífeyrissjóðsins

Stjórn

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og fjallar um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir, er varða hag og starfsemi sjóðsins og mótar innra eftirlit lífeyrissjóðsins. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna og hefur einnig sett sér starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint ítarlega. Í starfsreglum stjórnar er meðal annars fjallað um verksvið, málsvara, stjórnarfundir, ákvörðunarvald, fundargerðir, þagnar- og trúnaðarskyldu og vanhæfi. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Meðal verkefna stjórnar er að setja reglur sem kveða m.a. á um upplýsingagjöf til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Jafnframt setur stjórn verklagsreglu um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar og starfsmanna. Auk þess mótar og setur stjórn fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru með meirihlutakosningu í rafrænum kosningum fyrir ársfund sjóðsins. Niðurstöður kosninga eru kynntar á ársfundi og eru stjórnarmenn kjörnir til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni. Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa. Stjórnin framkvæmir að lágmarki á tveggja ára fresti mat á störfum sínum, verklagi og starfsháttum, sem og frammistöðu undirnefnda, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Stjórnin skal leita leiða til að bæta úr verklagi í samræmi við niðurstöður matsins.

Stjórnarmenn sjóðsins eru kosnir af sjóðfélögum og geta allir sjóðfélagar boðið sig fram til stjórnarsetu. Ekki eru sérstakar reglur um fjölbreytileika í stjórn sjóðsins, að öðru leyti en að kynjahlutföll skulu vera jöfn. Stjórnarmenn eru kjörnir af sjóðfélögum í rafrænu stjórnarkjöri í aðdraganda ársfundar. Allir sjóðfélagar geta boðið sig fram til stjórnar sjóðsins, enda uppfylli viðkomandi hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með þessu vill sjóðurinn stuðla að virku sjóðfélagalýðræði.

Á árinu 2024 voru haldnir 13 stjórnarfundir, þar af 9 frá síðasta ársfundi. Stjórn var ákvörðunarbær í öllum tilvikum. Á árinu 2025 hafa auk þess verið haldnir 4 stjórnarfundir, stjórn var ákvörðunarbær í öllum tilvikum.

Varamenn eru boðaðir í forföllum aðalmanna og á tvo fundi á ári.

Upplýsingar um stjórn sjóðsins:

Stjórnarmenn

Sigríður Magnúsdóttir, formaður.

- Stjórnarmaður síðan 2017 og formaður síðan 2023.
- Kjörtímabil: 2023 - 2026.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2024 var 13 og á árinu 2025 eru þeir 4.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Varamaður í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða, Teiknistofan Tröð ehf., Andersen ehf. og Magnus Andersen ab.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að ofan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Arna Guðmundsdóttir, varaformaður.

- Stjórnarmaður síðan 2018.
- Kjörtímabil: 2024 – 2027.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2024 var 12 og á árinu 2025 eru þeir 4.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Insula ehf. og Hjartamiðstöðin ehf.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að ofan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Elva Ósk S. Wium

- Stjórnarmaður frá 2024.
- Kjörtímabil: 2024 – 2027.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2024 var 9 og á árinu 2025 eru þeir 4.
- Önnur trúnaðarstörf, stjórnarformaður Lagastoðar lögfræðipjónustu ehf.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að ofan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Már Wolfgang Mixa.

- Stjórnarmaður síðan 2022.
- Kjörtímabil: 2025-2028.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2024 var 11 og á árinu 2025 eru þeir 4.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Simple Time ehf., Simple Investments ehf.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að ofan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Pórarinn Guðnason.

- Stjórnarmaður síðan 2022.
- Kjörtímabil: 2025 – 2028.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2024 var 13 og á árinu 2025 eru þeir 4.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Læknasetrið ehf., Leviosa ehf., Memus slf., Marís ehf., Pöngulhús sf., Hneitir ehf. og Læknafélag Reykjavíkur.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Situr í endurskoðunarnefnd sjóðsins.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að ofan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Albert Pór Jónsson

- Stjórnarmaður síðan 2023.
- Kjörtímabil 2023-2026
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2024 var 12 og á árinu 2025 eru þeir 4.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum:
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að ofan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Varamenn í stjórn

Frosti Sigurjónsson.

- Varamaður síðan 2022
- Kjörtímabil: 2022 – 2025.
- Fjöldi stjórnarfundar á árinu 2024 var 8 og á árinu 2025 eru þeir 0.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Engin
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að ofan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Lára Jónasdóttir

- Varamaður síðan 2023
- Kjörtímabil: 2023 – 2026.
- Fjöldi stjórnarfundar á árinu 2024 var 4 og á árinu 2025 er fjöldi fundar 1.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Situr í stjórn Medecins Sans Frontières Norway & Iceland.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að ofan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Framkvæmdastjóri

Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, veitir honum prókúrumboð og setur honum starfsreglur sem eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktar sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Gunnar Baldvinsson.

- Menntun: Viðskiptafræðipróf frá Háskóla Íslands árið 1985, MBA frá University of Rochester árið 1988 og próf í verðbréfavíðskiptum árið 1994.
- Starfsferill: Framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins frá 1990.
- Seta í stjórn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Sjóðfélagi í Almenna lífeyrissjóðnum: Já

Framkvæmdastjóri boðar vikulega svokallaða rekstrarfundir með helstu stjórnendum sem eru auk framkvæmdastjóra, Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri, Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri, Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins og Sigurður Örn Karlsson, áhættustjóri.

Ársfundur

Stjórn sjóðsins boðar til ársfundar sjóðfélaga einu sinni á ári, að jafnaði í mars eða apríl en ekki síðar en fyrir lok júní mánaðar. Á ársfundi skal stjórn sjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Dagskrá ársfundar skal innihalda eftirfarandi dagskráliði: (1) skýrsla stjórnar; (2) staðfesting ársreiknings liðins starfsárs og kynning á tryggingarfræðilegu uppgjöri samtryggingarsjóðs; (3) kynning á fjárfestingarstefnu; (4) tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins (ef þær liggja fyrir); (5) kosning stjórnar; (6) kosning endurskoðenda og

endurskoðunarfélags; (7) ákvörðun um laun stjórnar; og (8) önnur mál. Nánar er fjallað um stjórnskipulag sjóðsins í samþykktum hans sem og í lögum um lífeyrissjóði.

Endurskoðun

Stjórn annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Endurskoðunarnefnd Almenna lífeyrissjóðsins gerir tillögu til stjórnar um val á ytri og innri endurskoðanda sjóðsins. Ytri endurskoðandi er kosinn á ársfundi sjóðsins. Stjórn ræður innri endurskoðanda. Skipulag innri endurskoðunar tekur mið af reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrirtækja.

Ytri endurskoðandi sjóðsins er endurskoðunarfyrirtækið Deloitte og innri endurskoðandi er endurskoðunarfyrirtækið Grant Thornton.

Tryggingastærðfræðingur

Í samræmi við 39. gr. laga um lífeyrissjóði og reglugerð nr. 391/1998, er árlega framkvæmd tryggingafræðileg athugun á starfsemi sjóðsins sem er ætlað að leggja annars vegar mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og væntrar framtíðarskuldbindingar og hins vegar á núverandi eignasafn, vænt iðgjöld og ávöxtun. Stjórn semur við löggiltan tryggingastærðfræðing sem framkvæmir athugunina. Núverandi tryggingastærðfræðingur er Benedikt Jóhannesson hjá Talnakönnun hf.

Undirnefnd stjórnar – Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt grein 6.5 í samþykktum sjóðsins skal árlega skipa sérstaka endurskoðunarnefnd.

Nefndina skipa:

- Helga Harðardóttir, formaður nefndarinnar. Helga er endurskoðandi og hefur áralanga reynslu sem slík.
- Þórarinn Guðnason, stjórnarmaður í sjóðnum frá 2022.
- Eiríkur Þorbjörnsson. Eiríkur sat um árabíl í aðalstjórn sjóðsins og síðar í varastjórn.
- Frosti Sigurjónsson er varamaður endurskoðunarnefndarinnar og varamaður í stjórn frá 2022.
- Áhættustjóri Almenna lífeyrissjóðsins er ritari nefndarinnar.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftir atvikum veita ráðleggingar eða leggja fram tillögur að umbótum við ferlið til að tryggja gæði.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Á árinu 2024 hélt endurskoðunarnefnd 9 fundi, þar af 6 frá síðasta ársfundi, og 3 fundir hafa verið haldnir það sem af er árinu 2025. Starfsreglur endurskoðunarnefndar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Undirnefnd stjórnar – kjörnefnd

Samkvæmt grein 5.1. í samþykktum sjóðsins skal stjórn sjóðsins skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert.

Kjörnefnd skipa:

- Ólafur H. Jónsson, formaður nefndarinnar. Ólafur er byggingartæknifræðingur og sat í aðalstjórn sjóðsins frá 2014 til 2023, var formaður hennar 2016-2021, og sat í endurskoðunarnefnd sjóðsins frá 2009-2016.
- Ingvar Júlíus Baldursson, rafmagnstæknifræðingur sem starfar hjá Eflu. Ingvar sat í stjórn sjóðsins 2003-2004 og 2012-14. hefur áður setið í aðalstjórn sjóðsins.
- Lára V. Júlíusdóttir, lögmaður hjá Lögmonnum Laugavegi 3.
- Ólafur, Ingvar og Lára hafa setið í kjörnefnd sjóðsins frá 2021.

Fyrsti fundur kjörnefndar vegna rafræns stjórnarkjörs 2024 var haldinn 14. desember 2023, en nefndin fundaði í heild 6 sinnum. Nú þegar hafa verið haldnir 4 fundir vegna rafræns stjórnarkjörs 2025.

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Til samræmis við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða hefur verið mótað eftirlitskerfi með það að markmiði að sjóðnum sé kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins, þar sem því verður við komið. Eftirlitskerfið grundvallast á lagafyrirmælum, reglugerðum, leiðbeinandi tilmælum FME og stefnumótun sjóðsins. Eftirlitskerfið samanstendur af eigin áhættumati, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, fjárfestingarstefnu, starfsreglum, verklagsreglum, verkferlum, starfslýsingum og öðrum innri reglum sjóðsins.

Áhættustjóri er ábyrgðaraðili áhættustýringar og veitir starfssviði áhættustýringar forstöðu, starfssviðið heyrir undir framkvæmdastjóra en áhættustjóri hefur milliliðalausan aðgang að stjórn sjóðsins og er jafnframt ritari endurskoðunarnefndar. Áhættustjóri ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu í rekstri sjóðsins.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í ársskýrslu og í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit

Meginmarkmið með innra eftirliti Almenna lífeyrissjóðsins er að stuðla að því að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum. Innra eftirlit styður við eftirfarandi markmið:

- Árangur og skilvirkni í starfseminni
- Réttar fjárhags- og ófjárhagslegar upplýsingar
- Hlítir við lög og reglur

Innra eftirlit sjóðsins greinist í fimm meginþætti sem eiga að stuðla að því að lífeyrissjóðurinn nái markmiðum sínum;

- Eftirlitsumhverfi
- Áhættumat
- Eftirlitsaðgerðir
- Upplýsingar og samskipti

- Stjórnendaeftirlit

Uppbygging innra eftirlits byggir á þremur varnarlínum.

1. varnarlína.

Stjórnendur og starfsmenn rekstrareininga mynda fyrstu varnarlínu, en þeim ber að tryggja að áhættustjórnun og innra eftirlit sé órjúfanlegur hluti af daglegri starfsemi lífeyrissjóðs. Hlutverk fyrstu varnarlínu er að móta innra eftirlitskerfi sjóðsins og tryggja fylgni við stefnur og reglur.

2. varnarlína.

Sérstakar eftirlitseiningar, svo sem regluvarsla, áhættustýring og tryggingastærðfræðingur, mynda aðra varnarlínu, en hlutverk þeirra er að vera ráðgefandi um mótun innra eftirlitskerfis sjóðsins og styðja við innleiðingu á samþykktum stefnum og reglum. Þá skal önnur varnarlína meta virkni þeirra úrræða sem innleidd hafa verið í innra eftirliti fyrstu varnarlínu.

3. varnarlína.

Óháðir úttektaraðilar eins og t.d. innri endurskoðun myndar þriðju varnarlínu. Hlutverk hennar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu á starfsemi lífeyrissjóðsins og ráðgjöf sem miðar að því að bæta starfsemi sjóðsins. Þriðja varnarlínan fer yfir og kannar virkni bæði fyrstu og annarrar varnarlínu. Hún á einnig að veita ráðgjöf um það sem betur má fara og þannig leggja mat á og efla virkni áhættustjórnunar, eftirlitsaðgerða og stjórnarháttanna lífeyrissjóðsins.

Verkferlar hafa verið skjalfestir fyrir öll helstu verkefni við rekstur sjóðsins til að auka áreiðanleika. Verkferlar eru uppfærðir jafnóðum og breytinga er þörf og árlega eru allir verkferlar yfirfarnir og endurskoðaðir í verkferlanefnd sem staðfestir breytingar. Verkferlanefnd er skipuð framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra, fjárfestingarstjóra og áhættustjóra lífeyrissjóðsins. Áhættustjóri sjóðsins er ritari nefndarinnar.

Þá hefur sjóðurinn sett sér reglur um notkun ábendingakerfis fyrir starfsmenn til að koma á framfæri nafnlausum ábendingum til innri endurskoðenda sjóðsins um alvarlega vanrækslu eða misferli í starfsemi sjóðsins.

Staðfesting stjórnar

Stjórn sjóðsins hefur sett saman stjórnarháttayfirlýsingu þessa eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita sem bestar upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins til sjóðfélaga, eftirlitsaðila og annarra aðila.

Samþykkt af stjórn Almenna lífeyrissjóðsins 19. mars 2025.